



Fundargerð 5. fundar stjórnar AKÍS 2026-2027

Staður og tími: Zoom 2 júní 2026 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Linda Karlsdóttir (LK), Ólafur Hallgrímsson (ÓH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

Mættir varamenn: Hrefna Björnsdóttir (HB), Hilmar Jacobsen (HJ)

Fjarverandi: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS),

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

ÓH ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Erindi frá Hönnu Rún keppnisstjóra í Rallycrossi

Stjórn AKÍS svarar erindinu og biður viðkomandi afsökunar. Um algert undantekningartilvik hafi verið að ræða og ekki til eftirbreytni. AKÍS axlar ábyrgð á málinu og mun sýna betra fordæmi í framtíðinni.

2. Keppnisráð í Spyrru

Erindinu var svarað utan funda í tölvupóstum.

Stjórn AKÍS samþykkir reglurnar eins og þær voru lagðar fram í erindinu.

3. Fjármál

HKS fer yfir fjárhagsáætlun og samanburð við fyrri ár.

4. Valnefnd um kjör á akstursíþróttafólki ársins

Stjórn AKÍS ræðir um skipun í valnefnd um kjör á akstursíþróttafólki ársins 2026.

5. Breyting á reglugerð um keppnishald

Stjórn AKÍS samþykkir tillögu um breytingu á grein 4.2 í Reglugerð um keppnishald og nýr liður bætist við til fyllingar grein 4.2.1.

4.2.1.a “Akís mun opna fyrir skráningu í keppnina í síðasta lagi 15 dögum fyrir keppni.”



6. Möguleg undantekning á innheimtu skráningargjalda.

Stjórn AKÍS ákveður að skírteinisgjald og eftir atvikum tímatökugjald skuli alltaf innheimt í gegnum mótakerfi AKÍS en önnur gjöld má greiða beint til keppnishaldara. Hlutur keppnishaldara sem greiddur er í gegnum mótakerfi AKÍS er eftir sem áður greiddur til keppnishaldara að loknu uppgjöri keppinnar.

7. Vörugjöld á keppnistæki

Stjórn AKÍS telur nauðsynlegt að lögum um vörugjöld af ökutækjum verði breytt til fyrra horfs hvað varðar vörugjöld af keppnistækjum.

Önnur mál

Til kynninga

Frá starfsmanni:

HKS er í sumarleyfi frá 12. Júní til 23. Júní.

Næsti stjórnarfundur verður 23. júní 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 21:25